

Ed.

562. Nefndarálit

[156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 122 28. des. 1950, um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta er flutt til þess að koma fram breytingum á lögum, sem Alþingi samþykkti fyrir rúmum hálfum mánuði. Mætti ætla að mikil nauðsyn ræki á eftir eða að Alþingi hefði mjög fatazt um lagasetninguna, er ástæða þykir til að breyta lögum svo skömmum tíma eftir samþykkt þeirra.

En ástæðan að þessu sinni er sú, að ákvæði um refsiaðgerðir gegn sveitarfélögum, sem flutt var að tilhlutan ríkisstjórnarinnar á síðustu stundu við meðferð almannatryggingalaganna rétt fyrir nýár, var svo andhælislega orðað, að Alþingi var mjög ófúst að samþykkja það óbreytt, en engin breyting fékkst á orðalaginu.

Um leið og þetta ákvæði er nú flutt á ný, lítið breytt, er skeytt við það öðrum breytingum á hinum nýsamþykktu lögum, sem allar eru ónauðsynlegar, og ein þeirra, í l. gr. frv., fram komin til þess eins, að firra starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins vinnu við mál, sem koma fyrir einu sinni eða tvisvar á ári, að því er segir í „rökstuðningi“ fyrir þeirri till. í grg. frv., og kemur því aftur á fátæk sveitarfélög að leggja út fé, sem vist er að þau eiga ekki að greiða.

En aðalatriði frv. eru refsiaðgerðirnar gegn sveitarfélögum, sem dregizt hefur hjá að greiða hin þungu gjöld til Tryggingastofnunar ríkisins. Enginn ágreiningur er um það, að sveitarfélögin verði, eins og aðrir, að finna einhver ráð til þess að greiða lögboðin opinber gjöld og einhver viðurlög séu, ef út af ber. En þau viðurlög mega ekki vera móðgandi og lítilsvirðandi fyrir þann, sem fyrir þeim verður, né mega þau heldur eyðileggja fjárhagslega afkomu hans, og er þetta viðurkennt í þeim reglum, sem gilda um innheimtu opinberra gjalda hjá einstaklingum. Það ákvæði þessa frv., að Tryggingastofnun ríkisins geti valið sér þau útsvör, er henni lízt, hjá hinum „seku“ sveitarfélögum og tekið þau upp í skuld, er eins dæmi, og sýnir lítilsvirðingu á sveitarfélögunum, sem kemur úr hörðustu átt frá félagsmálaráðuneyti og Tryggingastofnun ríkisins.

En aðalatriði þessa máls er það, að sveitarfélög, sem hafa orðið á eftir með greiðslur til Tryggingasjóðs — og þeim mun fjölga en ekki fækka, ef ekkert er að gert nema refsiaðgerðir — hafa svo mikilvægar afsakanir fyrir þeim greiðsludrætti, að þau væru höfð fyrir mjög rangri sök, ef ekkert kæmi fram á Alþingi í því máli annað en ásakanir einar og hótanir um hörkubrögð við innheimtu skuldanna.

Sannleikurinn er sá, að allflest sveitarfélög landsins önnur en Reykjavík, sem hefur fylkingu stórgróðamanna og heilan her embættismanna ríkisins, til þess að leggja á útsvör, eru gersamlega fjárþrota, og ráðþrota um að finna fé, til þess að standa í senn undir þeim skyldum, sem annars vegar eru á þau lögð af ríkisvaldinu

með lögboðnum greiðslum (t. d. til Tryggingasjóðs), og hins vegar þeim skyldum, sem þau hafa við fólkið sjálft, sem myndar sveitarfélögin.

Það er eftirtektarvert, að þau sveitarfélög, sem „sekust“ eru talin við Tryggingastofnunina um vangreiðslur, eru einmitt fimm eða sex útgerðarbærir, sem hafa á undanfórnum árum orðið að verja öllu sínu til þess að halda uppi atvinnu og verja þannig tilveru sína, en hafa fyrst og fremst gjaldþrota vélbátaútgerð — styrkþega ríkissjóðs — til þess að leggja útsvörin á.

Með stórhækkunum og síhækkandi álögum á almennung til ríkissjóðs hefur hins vegar verið tekið fyrir alla möguleika til þess að hækka útsvör frá því, sem nú er.

Leggi Alþingi því ný gjöld á sveitarfélögin, eins og gert hefur verið, og geri um leiða ráðstafanir til þess að innheimta þau miskunnarlaust, verður það um leið að sjá sveitarfélögunum fyrir nýjum tekjustofnum, og mun þá varla verða annað fyrir, en að afhenda þeim einhverja núverandi tekjustofna ríkissjóðs sjálfs.

Það er nú komið í ljós, að því fer víðs fjarri, að tryggingalögin létti fátækraframfæri af sveitarfélögunum. Fátækraframfærsla leggst nú á þau með síauknum þunga ár frá ári um leið og gjöldin til trygginganna hækka. Mun ekki fara hjá því, að sú spurning vakni hjá ýmsum forráðamönnum sveitarfélaganna, hvort því fé, sem til trygginganna fer, sé hagkvæmlegar varið frá sjónarmiði sveitarfélaganna, sem greiða það, en hinu, sem þau ráðstafa til atvinnuaukningar eða fátækraframfæris. Tryggingarnar eiga því mikið undir því, hvern hug forráðamenn sveitarfélaganna bera til þeirra, og ekki hyggilegt fyrir Tryggingastofnun ríkisins að ofbjóða þeim í neinu.

Að síðustu má benda á, að ein af ástæðunum til vangreiðslu þeirra sveitarfélaga til Tryggingasjóðs, sem er beint tilefni þessa frv., er sú, að ríkissjóður hefur sjálfur vanrækt að greiða þeim sömu sveitarfélögum — og mörgum öðrum — lögboðin framlög, sem fallin eru í gjalddaga. Þau sveitarfélög sem nú skulda Tryggingastofnuninni framlög frá 1949 að upphæð um 800 þús. kr., áttu hinn 1. júlí s. l. útistandandi hjá ríkissjóði rúmlega sömu upphæð í vangreiddum framlögum til skólabygginga, sem fallin voru í gjalddaga og viðurkennd skuld af fræðslumálastjórninni, og mun þó sú skuld hafa stóruaukizt til áramóta. Þar hafði ríkissjóður næga tryggingu á móti ábyrgð sinni á skuldum þessara sveitarfélaga við Tryggingastofnunina. Þýr ríkissjóður þar í glerhúsi sem oftast, því að hann skuldar sveitarfélögum nú yfir 10 milljónir króna í vangreiddum framlögum til skólabygginga.

Þótt ég telji þetta frv. allt tilefnislítið og ónauðsynlegt, get ég sætt mig við, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. (sem verður 2. gr.). Greinin orðist svo:
26. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn er skylt að greiða iðgjald skv. 109. gr. laganna fyrir þá eina, sem vegna slysa, sjúkdóms, örorku, elli eða ómegðar hafa eigi haft þær tekjur, að þeim beri að greiða tekju- og eignarskatt. Synji sveitarstjórn umsókn um iðgjaldagreiðslu, má áfrýja þeim úrskurði til yfirskattanevndar.

3. Við 4. gr. (sem verður 3. gr.). Greinin orðist svo:

Við 29. gr. laganna bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að hald skuli lagt á 25% álagðra útsvara í sveitarfélaginu og sá hluti útsvara jafnan greiddur innheimtumanni ríkissjóðs jafnóðum og útsvör innheimtast, mánaðarlega eða ársfjórðungslega, eftir því sem innheimtumaður krefst; og skal sú skipan haldast þangað til skuld sveitarsjóðs við Tryggingastofnunina er að fullu greidd.

Alþingi, 24. jan. 1951.

F. R. Valdimarsson.